

dráttur, þar sem fyrsta rjettarpróf var haldið í því 18. nóv. 1886, en það eigi dæmt fyrir en 8. ágústmán. f. á.; um drátt þennan og orsakirnar til hans hefur hjeradsdómariinn gefið ítarlega skýrslu, og þótt eigi verði álitid, að hann sje nægilega rjettlættur með skýrslu þessari, þykir þó eigi fullkomin ástæða til að láta dóm-arann sæta ábyrgð fyrir hann. Málsfærslan við yfir-dóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Erlendur Erlendsson, á að greiða 30 króna sekt í landssjóð, eða sæta 9 daga einföldu fangelsi, verði sektin eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Um málskostnað í hjeradi á auka-rjettardómurinn að vera óraskaður. Hinn ákærði á og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningislaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Nr. 9/1889

Rjettvísinn

gegn

Páli Stefánssyni og

Guðrúnu Þorsteinsdóttur.

D ó m u r :

Með eigin játningu hins ákærða, Páls Stefánssonar,

sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, er það löglega sannað, að hann haustið 1887 eptir samkomulagi við hina meðákærðu, Guðrúnu Þorsteinsdóttur, fór um nótt að bænum Hólum í Stokkseyrarhreppi og tók þar úr högunum á ferhyrnda, er Sigurður bóndi þar átti, fór með hana heim til sín að Gegnishólum, skar hana og hagnýtti sjer afurðir hennar; ær þessi hefur verið virt á 9 kr. Nokkru á eptir fóru hin ákærðu bæði upp að Sviðugörðum í Gaulverjabæjarhreppi, og tóku úr opnu fjárhúsi þar fullorðinn sauð, er bóndinn þar, Gestur Jónsson, átti, höfðu hann heim með sjer, slátrudu honum og hagnýttu sjer hann eins og ána; sauðurinn hefur verið virtur 14 kr. Og enn skömmu eptir fór hann á næturpeli eptir samkomulagi við meðákærðu, Guðrúnu Þorsteinsdóttur, að Rútsstöðum í Gaulverjabæjarhreppi, og tók þar úr opnu fjárhúsi á, er Ámundi bóndi Ámundason á Rútsstöðum átti, rak hana heim til sín, skar hana og hagnýtti sjer; ær þessi er virt 10 kr. Loks hefur hann stolið 4 grásleppum frá Sigurði Ívarsyni á Gegnishólparti.

Sömuleiðis er það með eigin játningu hinnar meðákærðu, Guðrúnar Þorsteinsdóttur, löglega sannað, að hún var í ráði með Páli, er hún bjó með og átti börn með, að stela öllum 3 kindunum, og að verki með honum að stela sauðnum, eins og hún líka hjálpaði honum til að skera kindurnar og matreiddi þær.

Hin ákærðu hafa bæði talið sjer það til afsökunar, að þau hefðu liðið bjargarskort, en með því að alls engar líkur eru til, að þessi framburður þeirra sje saunur, getur það ekki orðið þeim til neinnar linkindar.

Afbrot hins ákærða Páls Stefánssonar á undir 231. og 230. gr. sbr. 63. gr. hinna almennu hegningarlaga,



og virðist mega ákveða hegningu þá, er hann, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna og sem ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt lagabrot, samkvæmt þessum lagagreinum hefur tilunnið, betrunarhúsvinnu í 1 ár, eins og gjört er í hjeradsdóminum.

Afbrot hinnar meðákærðu Guðrúnar Þorsteinsdóttur á undir 231. sbr. 48. og 55. gr. hegningarlagna, og virðist hegning hennar, sem komin er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neinn glæp, rjett metin, eins og af hjeradsdómaranum er gjört, 8 mánaða betrunarhúsvinna.

Svo ber hinum ákærðu og báðum fyrir eitt og einu fyrir bæði að greiða iðgjöld, Sigurði bónda á Hólum 9 kr., Gísla Jónssyni á Sviðugörðum 14 kr. og Ámunda Ámundasyni á Rútsstöðum 10 kr., eins og líka allan af málinu leiðandi kostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi, þar með talin varnarlaun í hjerði til Guðna Jónssonar á Stóru-Háeyri 5 kr. og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Með því að yfirdómurinn þannig hefur komið að sömu niðurstöðu og hjeradsdómarinn ber að staðfesta dóm hans í máli þessu, er upp var kveðinn 5. desbr. f. á., og síðan áfrýjað til yfirdómsins eftir beiðni hinna ákærðu.

Við rekstur málsins í hjerði skal athugað: Eins og sjá má af yfirrettardómsgjörðum þeim, sem fylgja málinu, hefur, auk hinna ákærðu, Páls Stefánssonar og Guðrúnar Þorsteinsdóttur, Margrjet Elísabet Ólafsdóttir verið ákærð fyrir blutdeild í þjófnaði þeirra, og var með hinum fyrra dómi í málinu dæmd í 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Sá dómur var dæmdur ómerkur sakir

ýmissa galla á málsmeðferðinni og þar að auki var hjeradsdómaranum boðið að útvega skýrslu um stöðu Margrjetar á heimili Páls. En Margrjet hefur alls ekki verið yfirheyrð um nýnefnd atriði, og hennar er ekki einu sinni getið í hinum nú áfrýjaða dómi. Þetta er mjög svo vítavert, þótt ekki álíti yfirdómurinn fullnæga ástæðu til í þessu máli að láta hjeradsdómarann sæta ábyrgð fyrir.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Hin ákærðu Páll Stefánsson og Guðrún Þorsteinsdóttir greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svara­manns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guð­laugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lög­birt­ing dóms þessa og honum að fullnægja undir að­för að lögum.

Nr. 6/1889

Rjettvísín  
gegn  
Jóni Ólafssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjeraði höfðað eptir fyrirskipun amtmannsins yfir Suduramtinu gegn hinum ákærða, alþingismanni og bæjarfulltrúa Jóni Ólafssyni, fyrir þá